



**Sérstakir tónleikar á vegum  
Sumartónleikanna í kvöld,  
miðvikudag 14. júlí, kl. 21:00  
Hljómsveitin Hjaltalín  
ATH. Aðgangseyrir kr. 1.500.**



Hljómsveitin var stofnuð í Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2004 og hefur sólfennar risið æ herra á lofti síðan. Plata þeirra, Terminal var valin plata ársins á íslensku tónlistarverðlaununum og þau léku ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á þrennum tónleikum fyrir fullu húsi í júní sl. Þau eru nú á tónleikaferð um landið.

Hljómsveitin er nú þannig skipuð: Sigríður Thorlacius söngur, Högni Egilsson gítar, söngur, Valdís Þorkelsdóttir, trompet, Hjörtur Ingvi Jóhannsson hljómborð, Rebekka Bryndís Björnsdóttir fagott, slagverk, Guðmundur Óskar Guðmundsson rafbassi, Axel Haraldsson trommur.

**Sumartónleikar við Mývatn,  
sunnudaginn 18. júlí kl. 21:00  
Athugið breytta dagsetningu.**

Hlín Pétursdóttir Behrens, sópran, Nanna María Cortes, mezzósópran,  
Krystyna Cortes, píanó

Á efnisskrá eru íslensk og erlend sönglög, óperuaríur og dúettar.



Hlín og Nanna hafa starfað lengi sem óperusöngkonur; Hlín starfaði m.a. við óperuna í München og Nanna er nú fastráðin við óperuna í Osló. Krystyna Cortes er þjóðþekkt fyrir samstarf sitt með söngvurum ásamt því að vinna með söngnemendum í tónlistarskólum.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

29. tbl. 2. árg. miðvikudagur 14. júlí 2010

**Afmælisbörn dagana 15. júlí — 21. júlí 2010**

- 16. Birna Björnsdóttir.
- 18. Sigrún Benediktsdóttir.
- 20. Margrét Lárusdóttir, Jóhann Ingvason, Andri Karlsson.
- 21. Sólveig Illugadóttir.



**GAMLI  
BÆRINN  
BAR • CAFÉ**

**Tónleikar með hljómsveitinni  
HJALTALÍN og LÁRU RÚNARS  
Í GAMLABÆNUM miðvikudaginn 14. júlí kl 22:00.**

ATHUGIÐ:  
Unglingar yngri en 18 ára fá aðeins aðgagn  
í fylgd með foreldrum / forráðamönnum.

GAMLIBÆRINN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

**2. fundur**

**að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 30. júní 2010, kl. 9:00.**

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúar frá Landsvirkjun mæta til fundarins.
3. Reykjahlíðargirðing.
4. Nefndarskipan.
5. Kosning fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.
6. Endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf.
7. Breyting á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar hf.
8. Birkihraun 9.
9. Málefni sveitarstjóra.

**Til kynningar:**

**Bréf frá Velferðarvaktinni.**

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.  
Oddviti setti fund.
2. Fulltrúar frá Landsvirkjun mæta til fundarins.

Til fundarins mættu Bjarni Bjarnason, Árni Gunnarsson frá LV. Árni Ólafsson frá Teiknistofu Arkitekta, einnig mætti undir þessum lið Birgir Steingrímsson. Árni Gunnarsson fór yfir þá vinnu sem fram hefur farið við deiliskipulagsgerðina til kynningar fyrir nýja sveitarstjórnamenn. Í máli hans kom m.a. fram að á deiliskipulagsupprættinum væru skipulagðar tvær iðnaðarlóðir sem ekki væru á vegum LV og þyrfti sveitarstjórn að ákveða skilyrði þeirra lóða. Einnig sagði hann frá því að skipulagið hefði verið kynnt landeigendum Voga og Reykjahlíðar sem efnislega gera ekki athugasemdir við það. Breyting hefur verið gerð frá fyrri tillögu sem lýtur að því að búið er að bæta inn svæði fyrir niurdælingu sem ekki var áður. Bjarni Bjarnason fór yfir hugmyndir að hönnun áætlaðrar virkjunar en þar er ætlunin að gefa fólki tækifæri á að sjá vinnsluferli virkjunarinnar. Að lokum fór Árni Ólafsson yfir greinargerðina með skipulagstillögunni. Ýmislegt rætt og mun sveitarstjórn koma sínum áherslum á framfæri við skipulagshöfund.

# Fréttir frá SIP 14. júlí 2010

Kæri Mývetningur.

Nú höfum við klárað uppsetningu á ADSL búnaði bæði í Reykjahlíð og að Skútustöðum. Við erum búnir að afgreiða allflestar pantanir í Reykjahlíð og nú er svo komið að við eigum bara örfá sæti laus þar. Ef eftirspurnin verður meiri en við gerðum ráð fyrir munum við auka við búnað, en það getur þó tekið einhverjar vikur eða mánuði. Á Skútustöðum erum við búnir að tengja 4 bæi (Kálfaströnd, Helluvað, Laxárbakka og Gautlönd) auk hótélanna á Skútustöðum. Tengingin á Gautlöndum gefur tilefni til bjartsýni með að tengja fjarlægustu bæina.

Grunnkerfið okkar í Mývatnssveit er í stöðugri þróun og við höfum nú ákveðið að vera með hringtengingu frá Bjarnarflagi niður í Sparisjóð (símstöðin), þaðan áfram yfir í Skútustaði yfir ljósleiðarann í vatninu og áfram upp í Bjarnarflag aftur. Við erum komnir með öll þessi sambönd í gang en erum að þróa virknina ef bilanir koma upp. Með þessari hringtengingu munum við takmarka rekstrartruflanir verulega þó svo að eitt sambandið detti niður tímabundið.

Við lentum í verulegum vandræðum með örbylgjusambandið milli Bjarnarflags og Sparisjóðsins fyrir helgi og þurftum á endanum að skipta um örbylgjubúnaðinn. Við vorum fyrirfram efins með þetta samband vegna slæmra aðstæðna og til lengri tíma áætlum við að gera enn frekari betrubætur á þessum legg. Við erum m.a. að skoða að flytja örbylgjusambandið á annað hús vegna þess að nokkrar aspir í Lynghrauninu geta verið að skyggja á. Einnig erum við að skoða möguleikann á að leggja okkar eigin ljósleiðara frá Bjarnarflagi niður í Sparisjóð til að losna við að þurfa að nota örbylgjusamband yfir höfuð á þessum legg. Við stefnum á að ræða við landeigendur um slíka framkvæmd fljótlega.

Á næstu vikum stefnum við á að klára að tengja alla bæina á Skútustöðum sem hafa pantað sambönd og vinna áfram í því að styrkja hringtenginguna, m.a. með því að setja upp nýjan örbylgjubúnað fyrir legginn milli Bjarnarflags og Skútustaða.

Að lokum biðjumst við velvirðingar á þeim truflunum sem voru frá föstudegi til mánu dags á tengingum í Reykjahlíð.

Kveðja, f.h. SIP ehf,

Brjann Jónsson

Frekari upplýsingar má fá í síma 4151500 eða með því að senda póst á sip@sip.is

### Grenjaskyttur:

Ingi Þór Yngvason  
Gunnar Rúnar Pétursson

### Héraðsnefnd Þingeyinga:

Dagbjört Bjarnadóttir Böövar Pétursson

### Aðalfundur Eyþings:

Dagbjört Bjarnadóttir Böövar Pétursson  
Eyrún Björnsdóttir Friðrik Jakobsson

Sveitarstjórn lítur svo á að með fyrrgreindri nefndaskipan hafi hún samþykkt síðari umræðu um breytingar á 51 gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps frá 2002.

### 5. Kosning fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Dagbjört Bjarnadóttir.

### 6. Endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf.

Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á framlengingu á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf. til reksturs gistingar að Helluhrauni 16.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

### 7. Breyting á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf.

Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á viðbótar rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf. til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga að Geiteyjarströnd 1. Fyrir er Héðinn með leyfi fyrir sölu gistingar á einkaheimili og átta smáhýsum en sækir nú um rekstrarleyfi, flokkur V.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

### 8. Birkihraun 9.

Sveitarstjóri fór yfir ástand hússins að Birkihrauni 9. Skipta þarf um gólfefni, mála að utan og innan, endurnýja innréttingar ofl.

Sveitarstjórn samþykkir að ráðast í nefndar framkvæmdir og þarf þeim að vera lokið 15. ágúst.

### 9. Málefni sveitarstjóra.

Eyrún Björnsdóttir f.h. G-listans lagði fram tillögu um að staða sveitarstjóra yrði auglýst. Tillagan felld með þremur atkvæðum.

Dagbjört Bjarnadóttir f.h. M-listans lagði fram tillögu um að gengið yrði til samninga við Guðrúnu Mariu Valgeirsdóttur núverandi sveitarstjóra um áframhaldandi starf.

Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum, tveir sátu hjá.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böövar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik Jakobsson.

### 3. Reykjahlíðargirðing.

Fyrir fundinum liggja drög að samningi á milli Skútustaðahrepps, Vegagerðarinnar og Landgræðslu ríkisins um framtíð Reykjahlíðargirðingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með fyrirvara um orðalagsbreytingu á 1. grein hans. Oddvita falið að staðfesta samninginn að leiðréttingu lokinni.

### 4. Nefndarskipan.

#### Aðalmenn:

#### Skólanefnd:

Sigurður Böövarsson  
Eyþór Pétursson  
Þórhalla Valgeirsdóttir  
Friðrik Jakobsson  
Þuríður Helgadóttir

#### Félags- og menningarmálanefnd:

Dagbjört Bjarnadóttir  
Kristján Steingrímsson  
Anna Dóra Snæbjörnsdóttir  
Jón Elvar Steindórsson  
Bergþóra Kristjánsdóttir

#### Skipulagsnefnd:

Margrét Hólm Valsdóttir  
Karl Emil Sveinsson  
Birgir Steingrímsson  
Eyrún Björnsdóttir  
Pétur Snæbjörnsson

#### Atvinnumálanefnd:

Böövar Pétursson  
Sólveig Erla Hinriksdóttir  
Ingibjörg Björnsdóttir  
Leifur Hallgrímsson  
Halldór Árnason

#### Bygginganefnd Suður-Þingeyinga:

Lárus Björnsson

#### Eldvarnareftirlitsnefnd m/Þingeyjarsveit:

Hólmgeir Hallgrímsson

#### Fjallskilastjórar:

#### Fulltrúi í búfjárefniritlitsnefnd:

Böövar Pétursson

#### Kjörstjórn:

Finnur Baldursson  
Friðrik Lange  
Edda Stefánsdóttir

#### Skoðunarmenn:

Ellert Finnbogason  
Gísli Árnason

#### Varamenn:

Arnfríður Anna Jónsdóttir  
Ásdís Erla Jóhannesdóttir  
Agla Rögnvaldsdóttir  
Agnes Einarsdóttir  
Ásta Price

Auður Jónsdóttir  
Einar Jónsson  
Þuríður Pétursdóttir  
Jóhanna Njálisdóttir  
Erna Þórarinsdóttir

Kristján Stefánsson  
Elín Steingrímisdóttir  
Ingunn Guðbjörnsdóttir  
Þórhallur Kristjánsson  
Einar Jónsson

Gylfi H. Yngvason  
Kolbrún Ívarsdóttir  
Jóhann Böövarsson  
Gísli Rafn Jónsson  
Hjörleifur Sigurðarson

Kristján Stefánsson

Stefán Gunnarsson

Elín Steingrímisdóttir  
Hrafnhildur Geirsdóttir  
Þorlákur Páll Jónsson

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir  
Hulda Harðardóttir